



Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli  
Lindargötu  
101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 30. apríl 2021

### Efni: Umsögn um Stafrænt Ísland – stefna um stafræna þjónustu

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir nefnd samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint mál sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda þann 14. apríl sl.

Samtökin fagna stefnumörkuninni og þeirri áherslu stjórnvalda sem birtist í stefnunni. Stafræn þjónusta ætti að vera í forgangi þegar horft er til aukinnar samkeppnishæfni Íslensks atvinnulífs. Það er nú þegar verið að nýta krafta einkarekinna fyrirtækja í þessum verkefnum sem er jákvætt. Samtökin fagna aukinni áherslu hins opinbera á framúrskarandi opinbera þjónustu, áherslur á stafræn samskipti og að þau verði megin samskiptaleið hins opinbera við almenning og fyrirtæki í gegnum Ísland.is. Stefna um stafræna þjónustu ætti þó ekki að innihalda tæmandi tainingu, þ.e. að einungis Ísland.is verði vettvangur stafrænna samskipta hins opinbera við almenning og fyrirtæki.

Samtökin leggja áherslu á áframhaldandi mikilvægi þess að lagalegum hindrunum sé rutt úr vegi, farið sé skipulega yfir regluverk og gerðar séu viðunandi breytingar sem liðka fyrir rafrænni þjónustu og samskiptum. Við hugbúnaðargerð og þjónustu tengda henni ætti eitt af forgangsmálum hins opinbera að vera að stuðla að nýsköpun. Með öðrum orðum ætti hið opinbera að tryggja að útfærsla lausnanna frá upphafi verkefna stuðli sem best að nýsköpun í stað þess að hindra nýsköpun.

Þegar hugbúnaðargerð lýkur er mikilvægt að mögulegt sé að endurnýta hugbúnaðinn og að atvinnulífi sé veitt gott aðgengi að honum. Endurnýting getur m.a. verið í viðskiptalegum tilgangi eða með því að gera hugbúnaðinn opinn. Tengja mætti endurnýtingu hugbúnaðar við ákvæði um höfundarrétt. Í þessu felst hins vegar ekki að opinberir aðilar áskilji sér höfundarrétt að hugbúnaðinum.

Um örugga innviði taka samtökin heilshugar undir þær áherslur sem lagðar eru í stefnunni en vilja bæta við að gera ætti sömu kröfu til hins opinbera og hið opinbera gerir til markaðarins að votta upplýsinga- og stjórnkerfi sín, t.d. með ISO 27001 og ISO 9001 stöðlunum.

Samtökin eru sammála þeirri áherslu að ópersónugreinanleg gögn hins opinbera verði gerð aðgengileg. Aftur á móti vilja þau ítreka að öll gögn hins opinbera ætti að gera opinber, persónugreinanleg líka. Markaðurinn ætti að hafa aðgengi að sömu upplýsingum og opinberir aðilar. Ísland.is fær til að mynda aðgang að upplýsingum um forráðamenn. Þjónustuaðilar heilbrigðisþjónustu ættu sem dæmi að geta fengið sama aðgengi til að tryggja betri þjónustu fyrir viðskiptavinum sína. Samtökin undirstrika að við slíka útfærslu ber að huga að upplýstu samþykki og persónuvernd.

Í stefnunni er talað um að Ísland sé meðal fremstu þjóða heims í stafrænni þjónustu. Þar er notast við UN mælikvarða fyrir stafræna þjónustu hins opinbera þar sem Ísland er í 12. sæti af 93 löndum. Samkvæmt IMD mælingum, sem mæla stafræna samkeppnishæfni erum við hins vegar í 23. sæti af 64 löndum. Til að vera meðal fremstu þjóða heims í stafrænni þjónustu þarf að forgangsraða stafvæðingunni þannig að liðkað sé til með fyrirtækjum á sama hátt og þjónustu við almenning. Það hefur veruleg áhrif á framgang atvinnulífsins. Að sama skapi þarf forgangsröðunin að vera gegnsæri og sýnilegri en nú er. Sem dæmi um atriði sem mætti forgangsraða að mati samtakanna eru umsókna- og leyfisveitingaferll hjá byggingar- og skipulagsfulltrúum og einnig hjá Skattinum. Einnig er mjög brýnt að flýtt sé ferli rafrænna skilríkja fyrir fyrirtæki. Fyrirtæki eru enn háð Íslyklum sem leiðir af sér meiri pappírsvinnu og seinlegri afgreiðslutíma en eðlilegt getur talist.

Samtökin eru tilbúin til þess að vinna með forsvarsmönnum Stafræns Íslands og velta endurgjöf frá markaðinum um það sem bæta mætti í þjónustu hins opinbera þegar kemur að stafrænum samskiptum.

Virðingarfyllst

F.h Samtaka iðnaðarins



---

Edda Björk Ragnarsdóttir

F.h Samtaka atvinnulífsins



---

Heiðrún Björk Gísladóttir